

Alþingi
Kirkjustræti 150
Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (bann við umskurði drengja), 148. löggjafarþing, 114. mál.

28 Mars 2018

Ágætu þingmenn Alþingis.

Ég þakka innilega Silju Gunnarsdóttir þingmanni, fyrir frumvarpið til verndar öllum börnum jafnræði á Íslandi varðandi bann við umskurð drengja og tryggja að ekkert barn mun brotið verða á kynfærum þess án kasta við vernd og laga á Íslandi.

Ég er móðir 6 barna af báðum kynjum. Kynfæri beggja kynja á að vera vernduð í lögum gegn umskurði enda er annað kynið ekki lægra metið en hitt á Íslandi. Jafnræði kynja á að vera.

Ég á 2 syni sem eiga föður fjölskyldu frá erlendu landi þ.s tíðkast umskurður drengja óháð trú því það er hefð í því samfélagi að umskera.

Faðir drengjanna er Islam trúar en virðir lögin í landinu og er því ekki að ýta undir umskurð, en við fjölskyldu hans sögðum við, að þetta væri bannað á Íslandi og þau sögðust virða það.

Í trúarriti múslima, Kóran, stendur ekkert um umskurð drengja en þar stendur að múslimi sem flytur í annað land, ber að fara eftir lögum í því landi sem hann flytur í. Og þetta fer faðirinn eftir.

En lögin um "bann við umskurð drengja" er svo mikilvæg að ná í gegn, því hún mun líka vernda börnin sem eiga ættir að rekja til lands sem aðhyllist umskurð vegna hefða eða trúar, og samfélagsþrýstinginn þaðan.

Foreldrar gætu því farið erlendis í heimsóknir með börn sín til ættmenna, stuðst við hegningarlögin til fræðslu og verndun barna sinna og þrýsting og notið samverunnar án hræðslu.

Umskurður á heilbrigðum börnum er alvarleg áráð á líkama barna. Hún er hættuleg börnum. Börn hafa dáíð vegna umskurð á kynfærum þess. Að halda barni niðri og skera part af kynfærum þess er ómannúðlegt og á hvergi að viðgangast og þarf að útrýma.

Hvaða fullorðinn manneskja mun vilja sjálfviljug ganga í gegnum þessar hræðilegar pyntingar á kynfærum sínum!

Frumvarpið verður að ná í gegn, annað er ómennska.

Ísland er sjálfstætt land, vil minna ykkur á kærðu þingmenn, skildu ykkar til að vernda landsmenn, þjóðina, menningu og lögin.

Ef frumvarpið verður ekki samþykkt er þá umskurður ekki bannaður í lagalegum skilningi ef mál færi til dómstóla?

Gæti dómari þurft að taka tillit til þess að þingið sem setur lög landsins hafi ekki samþykkt að það væri bannað?

Mig langar að biðja þingmenn sem hafa þá ábyrgð að vera löggjafi Íslands að huga að þeim atriðum sem ég og líklega margir foreldrar velta fyrir sér í dag á Íslandi. Ef frumvarpið verður ekki samþykkt og löggjafar landsins þannig ekki tilbúnir til að segja að umskurður sé bannaður á börnum á Íslandi, eru þá börnin mín sem og önnur börn á Íslandi með óvarin mannréttindi á Íslandi og erlendri grundu í lagalegum skilningi? Ef löggjafinn á Íslandi er ekki tilbúinn að segja að umskurður á börnum er bannaður, getur þá barn eða annað foreldri ekki kært þann sem sker í kynfæri barns? Einnig, hversu lengi telja þingmenn þá að foreldrar hafi rétt á að skera í kynfæri barna sinna, eingöngu á meðan þau eru ómálga, eða þegar þau geta sagt „nei“, 10 ára eða 18 ára eða hvenær telja þeir að ekki megi skera lengur í kynfæri barna án þeirra samþykkis?

Ábyrgðin er í ykkar höndum, verndun allra barna í landinu er á ykkar ábyrgð.

Aðeins læknar á Íslandi skmt lögum má gera aðgerðir á líkama barna.
Læknar á Íslandi gera ekki aðgerðir á heilbrigðum börnum.

Verndið börn og rétt þeirra yfir eigin líkama.

Kveðja
Linda Magnúsdóttir